

Priðjudaginn 12. desember 1972.

Nr. 113/1971: **Sverrir H. Magnússon**
 (Árni Guðjónsson hrl.)
 gegn
Landsbanka Íslands og
Seðlabanka Íslands
 (Einar B. Guðmundsson hrl.)
 og gagnsök.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og Þorsteinn Thorarensen borgarlógefi.

Skaðabótamál. Sýkna. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 9. ágúst 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Gerir hann þessar dómkröfur:

1. „Að ákvæði héraðsdómsins verði staðfest að öðru leyti en því, er varðar misk- og skaðabótakröfuna og fjárhæð málskostnaðar.“
2. „Að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmdir til þess að greiða“ honum „U. S. \$ 15.000.00 í skaða- og miskabætur eða jafnvirði þessarar fjárhæðar í íslenskum krónum auk 7% ársvaxta frá 16. febrúar 1968 til greiðsludags.“
3. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar óskipt úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 13. ágúst 1971. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur rituðu lögmanni aðaláfrýjanda hinn 11. júní 1968 bréf það, sem tekið er upp í héraðsdómi, en samkvæmt því voru forsendur þær, sem upphaflega lágu til grundvallar kröfu þeirra um, að aðaláfrýjandi viki úr framkvæmdastjórnastarfi fyrir Iceland Products Inc. „ekki leng-

ur fyrir hendi“. Gagnáfrýjendur neituðu að hlutast til um, að yfirlýsing þessi birtist í fjölmiðlum með sama hætti og fréttatilkynning þeirra frá 15. febrúar 1968. Þessi synjun gagnáfrýjenda var ekki á rökum reist. Fréttatilkynning gagnáfrýjenda frá 11. febrúar 1969 þykir ekki heldur jafn-afdráttarlaus varðandi starf aðaláfrýjanda og efni yfirlýsingar þeirra frá 15. febrúar 1968 veitti tilefni til. Aðaláfrýjandi hafði því fulla ástæðu til að höfða mál þetta á hendur gagnáfrýjendum, svo sem í héraðsdómi greinir.

Staðfesta ber úrlausn hins áfrýjaða dóms um sýknu af miska- og bótakröfum aðaláfrýjanda.

Rétt þykir að dæma gagnáfrýjendur til að greiða aðaláfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 220.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Landsbanki Íslands og Seðlabanki Íslands, eiga að vera sýknir af miska- og bótakröfum aðaláfrýjanda, Sverris H. Magnússonar, í máli þessu.

Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 220.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. apríl 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. f. m., hefur Sverrir H. Magnússon, 93 Greenwood Circle, Wormleysburg, Pa., U.S.A., höfðað á hendur stjórn Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands með stefnu, birtri 6. janúar 1969.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði með dómi skyldaðir til að birta sameiginlega í öllum dagblöðum í Reykjavík og Ríkisútvarpinu, að viðlögðum 100 \$ dagsektum, er renni til stefnanda, niðurstöður rannsóknar þeirrar, er stefndu kröfðust, að fram færi hjá sjávarafurðardeild S. Í. S. og dótturfyrirtæki þess í Bandaríkjunum, Iceland Products Inc., samkvæmt fréttatilkynningu frá stefndu, sem birt var í framangreindum fjölmiðlunartækjum í febrúarmánuði 1968. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu verði á sama hátt og að framan greinir,

skyldaðir til þess að birta yfirlýsingu um, að rannsókn sú, er stefndu létu fram fara hjá Iceland Products Inc., hafi leitt í ljós, að ekki voru fyrir hendi forsendur til þess, að stefnandi viki úr starfi sem framkvæmdastjóri Iceland Products Inc., eins og stefndu höfðu krafizt.

Þá er þess og krafizt, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda U. S. \$ 15.000 í skaða- og miskabætur eða aðra sambærilega fjárhæð í íslenskum krónum ásamt 7% ársvöxtum frá 16. febrúar 1968 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Réttarkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum stefnukröfunum og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Í máli þessu hefur viðskiptamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs verið stefnt til réttargæzlu.

Málavextir eru þessir:

Með ráðningarsamningi, gerðum í Harrisborg, Pa., hinn 23. apríl 1963, var stefnandi gerður að framkvæmdastjóra dótturfyrirtækis S. Í. S. í Bandaríkjunum, Iceland Products Inc., frá og með 1. júní 1963. Áður hafði stefnandi unnið sem sölumaður í þessu fyrirtæki. Undir ráðningarsamning þennan ritar auk stefnanda Erlendur Einarsson f. h. Sambands íslenzkra samvinnufélaga.

Um stjórn fyrirtækis þessa kveðst stefnandi ætíð hafa haft full samráð við stjórnarformann þess, Erlend Einarsson, sem jafnframt er forstjóri S. Í. S.

Samband íslenzkra samvinnufélaga hefur um árabil verið annar stærsti útflytjandinn á hraðfrystum sjávarafurðum Íslendinga til Bandaríkjanna. Síðari hluta ársins 1966 og framan af árinu 1967 varð mikið verðfall á þessum afurðum í Bandaríkjunum. Stjórnarformanni Iceland Products Inc., Erlendi Einarssyni, og bankastjórum hinna stefndu banka var kunnugt um þetta verðfall. Í skýrslu sinni hér fyrir réttinum hefur stefnandi borið, að mánaðarlegar skýrslur um stöðu Iceland Products Inc. hafi verið sendar reglulega til S. Í. S. svo og frá sjávarafurðadeild S. Í. S. til bankanna. Þessar skýrslur hafi sýnt greinilega birgðir og útistandandi skuldir hjá viðskiptavinum Iceland Products Inc. á hverjum tíma. Hafi bankarnir því getað fylgzt með þessum málum frá mánuði til mánaðar og borið saman við lán sín út á fiskinn.

Í skýrslu, sem lögð hefur verið fram af hálfu stefndu, kem-

ur fram, að afurðalán eru veitt framleiðendum út á birgðaskýrslur þeirra, sem viðskiptabönkunum berast reglulega, meðan á framleiðslu afurða stendur. Lánin eru tvenns konar: Seðlabankalán, sem nemur um 55% af andvirði afurðanna, og viðbótarlán viðskiptabankanna 16.5% eða meira eftir nánara samkomulagi og þörf framleiðanda. Veð er tekið í vörubirgðum og andvirði þeirra óskiptum ásamt hvers konar verðbótum og gjaldeyrisfríðindum. Útlánsverðin á hverja einingu afurða eru ákveðin af Seðlabanka. Við þá ákvörðun er farið eftir ýmsum upplýsingum, svo sem sölusamningum, sölu undangengins árs, áætlunum um sölu á yfirstandandi ári, en þó fyrst og fremst, hvað freðfisk varðar, áætluðum útborgunarverðum Sambands íslenskra samvinnufélaga og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem þessir útflytjendur gefa út snemma ár hvert. Sölusamtökin hafa komið sér upp verksmiðjum í Bandaríkjunum til þess að framleiða fullunna vöru beint á neytendamarkaði úr hráefni frá Íslandi og jafnframt til þess að annast umboðssölu á framleiðslu héðan í neytendaumbúðum. Þessi starfsemi, þ. e. framleiðsla og umboðssala á fiski með tilheyrandi geymslu og greiðsluskilmálum, hafði í för með sér töluverðan greiðsludrátt frá afskipun afurðanna héðan frá Íslandi. Til þess að flýta fyrir greiðslum frá Coldwater Seafood Corporation (verksmiðja Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna) og Iceland Products Inc. (dótturfyrirtæki S. Í. S.) var sú tilhögun upp tekin, að Landsbanki Íslands hóf sölu víxla til First National City Bank í New York, og endurlánaði Landsbankinn það fé til Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna og Sambands íslenskra samvinnufélaga. Þetta fyrirkomulag varð mjög til að flýta fyrir endanlegu uppgjöri til framleiðenda og veðhafa fyrir vörur, sem áður höfðu legið langtímum saman í birgðum, framleiðslu og til sölumeðferðar vestan hafs, svo sem fyrr getur. Voru lán þessi veitt umfram venjuleg afurðalán til framleiðenda. Lánin til Landsbankans telja stefndu að hafi algerlega verið á hans ábyrgð, þar sem veðhald í vörunni vestra hafi vægast sagt verið vafasamt. Hafi þetta fyrirkomulag því hlotið að byggjast mjög á trausti bankans á fyrirtækjunum og fyrirsvarsmönnum þeirra. Hafi verið ætlað til þess, að fyrirgreiðsla þessi væri í hlutfalli við vörmagn og sölu fyrirtækjanna í Bandaríkjunum. Í sambandi við þessa fyrirgreiðslu hafi verið ráð fyrir því gert, að endurskoðendur Coldwater og Iceland Products Inc. sendu ársfjórðungslega sundurliðaða skýrslu um birgðir, verðlagningu þeirra og úrtak

rannsóknna á geymsluvottorðum, útistandandi skuldir, aldur þeirra, ástand og almenna greiðslugetu verksmiðjanna. Þá hafi verið ráð fyrir því gert, að ársreikningar bærust reglulega og á eðlilegum tíma. Að því er varðar Iceland Products Inc., er því haldið fram af hálfu stefndu, að skýrslur þessar hafi ýmist borizt seint eða aldrei og á árunum 1966 og 1967 alls ekki. Ársreikningar Iceland Products Inc. fyrir árið 1966 hafi ekki fengizt, fyrr en síðargreind rannsókn var löngu hafin á vegum Landsbanka Íslands og Seðlabankans fyrri hluta árs 1968.

Þrátt fyrir versnandi markaðshorfur í Bandaríkjunum á frystum fiskafurðum og lækkanði verðlagi á framangreindum tíma, var af hálfu S. Í. S. (sjávarafurðadeildar S. Í. S.) ekki lækkuð greiðsla á skilaverði til fiskframleiðenda þeirra, er viðskipti áttu við þá stofnun.

Á árinu 1967 fór að bera mjög á því, að greiðslur frá S. Í. S. drógust afturúr samsvarandi greiðslum frá Söllumiðstöð Hraðfrystihúsanna. Af hálfu bankanna var leitað til Bjarna V. Magnússonar, framkvæmdastjóra sjávarafurðadeildar S. Í. S., bróður stefnanda, og hann krafinn skýringar á greiðsludrætti þessum. Stefndu kveða tæmandi skýringar eigi hafa borizt. Sjávarafurðadeild S. Í. S. hafi að vísu sent bréf um hver mánaðamót, þar sem gefið hafi verið upp, hvað talið væri verðmæti birgða og inneignir hjá viðskiptamönnum vestra, án nokkurra skýringa og óstaðfest af endurskoðendum Iceland Products Inc. Í janúar 1968 hafi bönkunum ekki þótt lengur við svo búíð mega standa og hafi því endurkaupadeild Seðlabankans og afurðalánadeild Landsbanka Íslands hafið sjálfstæða athugun á málinu. Hafi þá strax komið í ljós, að munur á skilum sjávarafurðadeildar S. Í. S. og Söllumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna hafi verið ca. 4 mánuðir. Jafnframt hafi þá vaknað grunur um, að verðlagning sjávarafurðadeildar S. Í. S. og Iceland Products Inc. væri óraunhæf vegna verðfallsins á markaðnum vestra. Skömmu eftir miðjan janúarmánuð 1968 hafi loks fengizt upplýsingar frá sjávarafurðadeild S. Í. S. um skuldir deildarinnar við framleiðendur og þá komið í ljós við samanburð á þeim upplýsingum og fyrrnefndum skýrslum, birgðum o. fl., að um verulega fjárvöntun hafi verið að ræða, sem áætluð hafi verið 56—58 milljónir króna.

Þann 24. janúar 1968 hafi starfsmenn Landsbanka og Seðlabanka farið til fundar við Erlend Einarsson, forstjóra S. Í. S., og Bjarna Magnússon, framkvæmdastjóra sjávarafurðadeildar S. Í. S., og lagt athugun bankanna fyrir þá og krafizt skýringa.

Hafi Bjarni V. Magnússon talið eftirfarandi tvö atriði orsaka fjárvöntunina.

Hærra útborgunarverð til framleiðenda á frystum afurðum, seldum á Bandaríkjamarkaði, heldur en Iceland Product Inc. gæti staðið við, sem væri afleiðing þess, að verðfall varð á markaðnum, en skilaverði til framleiðenda hafi verið haldið óbreyttu. Enn fremur hafi ýmis fyrirgreiðsla til viðskiptamanna aukizt á undanförnum árum.

Hafi fulltrúar bankanna þá gert kröfu um að fá skriflegar greinargerðir um bæði þessi atriði. Hafi borizt listi um skuldir viðskiptamanna með bréfi, dags. 31. janúar 1968, og hinn 9. eða 10. febrúar 1968 skýrsla sú, er á dskj. nr. 33 greinir.

Þessar skýrslur hafi staðfest, að um verulega fjárvöntun hafi verið að ræða. Hins vegar hefði engin fullnægjandi skýring verið gefin á vöntun þessari né heldur á hvern hátt S. Í. S. eða Iceland Product Inc. hyggðist gera skil. Hafi þá þegar verið ljóst, að nauðsyn hafi borið til að rannsaka mál þetta til hlítar. Hafi þótt óhjákvæmilegt af hálfu bankanna að gera þá kröfu til stjórnar S. Í. S., að framkvæmdastjórar Iceland Products Inc. og sjávarafurðadeildar S. Í. S. yrðu látnir víkja úr starfi um stundarsakir eða á meðan ítarleg rannsókn færi fram.

Í febrúar 1968 telja stefndu sig hafa orðið þess vara, að kominn væri á kreik orðrómur um, að stórfelld mistök eða jafnvel misferli hefðu átt sér stað í sambandi við afurðasölu sjávarafurðadeildar S. Í. S. til Bandaríkjanna. Hinn 15. febrúar 1968 gerði dagblaðið Vísir í Reykjavík mál þetta að umtalsefni undir feitletraðri fyrirsögn á forsíðu, þar sem segir: „Fimm tíu milljóna króna mistök hjá S. Í. S.“

Til þess að kveða niður hvers konar ranghermi í þessu efni töldu bankarnir nauðsynlegt að birta skýrslu um það, sem þeir vissu sannast og réttast í máli þessu. Skýrsla bankanna var sam-in þegar í stað eftir útkomu Vísisgreinarinnar og síðan send dagblöðunum í Reykjavík og Ríkisútvarpinu til birtingar. Skýrsla þessi, sem birtist í dagblöðunum 16. febrúar 1968, hljóaði svo:

„Seðlabanki Íslands og Landsbanki Íslands hafa að undanfögnu látið fara fram athugun á greiðslu afurðaandvirðis af hálfu sjávarafurðadeildar Sambands íslenzkra samvinnufélaga, en um skeið hafði borið nokkuð á óeðlilegri seinkun greiðslna af hálfu deildarinnar. Athugun þessi leiddi í ljós, að mjög mikið vantaði upp á, að birgðir og útistandandi kröfur sjávarafurðadeildar S. Í. S. vegna útfluttra afurða nægðu til þess að greiða skilaverð

afurðanna til framleiðenda og þau afurðalán, er á þeim hvíla. Virðist hér muna fjárhæðum, er nema um eða yfir 50 millj. kr.

Af hálfu sjávarafurðadeildar SÍS var sú meginskýring gefin á þessum mikla mismun, að hann stafaði af töpum deildarinnar vegna verðfalls erlendis, er ekki hefðu verið látin koma fram í lækkun skilaverðs til framleiðenda. Jafnframt er rétt að geta þess, að á þessu stigi málsins hefur ekkert komið fram, er bendir til þess, að um misferli hafi verið að ræða, að því er varðar gjaldeyrisskil af hálfu sjávarafurðadeildar SÍS.

Í tilefni af þessu vilja framangreindir bankar taka fram eftirfarandi:

1) Hafin verður af þeirra hálfu nú þegar rækileg könnun á bókhaldi og fjárráðstöfunum sjávarafurðadeildar SÍS og dótturfyrirtækis þess í Bandaríkjunum, Iceland Products. Hafa bankarnir krafizt þess, að framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildarinnar og framkvæmdastjóri Iceland Products víki úr starfi, á meðan rannsóknin fer fram. Að lokinni rannsókninni munu bankarnir taka ákvörðun um þær aðgerðir, er hún kann að gefa tilefni til.

2) Því hefur verið lýst yfir við bankana af hálfu forvígismanna Sambands íslenskra samvinnufélaga, að fyrirtækið muni setja bönkunum fullkomnar tryggingar fyrir því, að greitt verði til bankanna fullt skilaverð allra þeirra sjávarafurða, sem bankarnir hafa lánað út á og verið hafa til sölumeðferðar hjá sjávarafurðadeild SÍS“.

Hinn 1. marz 1968 var gerður samningur á milli stefnanda og forstjóra S. Í. S. og stjórnarformanns Iceland Products Inc., þar sem stefnandi er gerður að varaframkvæmdastjóra (vice-president) um stundar sakir, meðan krafa bankanna um það, að stefnandi víki úr starfi, varir. Annar maður var á sama tíma ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Á stjórnarfundi Sambands ísl. samvinnufélaga hinn 22. maí 1968 ákvað stjórnin að segja upp ráðningu stefnanda sem framkvæmdastjóra Iceland Product Inc. og Iceland Food Terminal Inc. Stefnanda var tilkynnt þetta í bréfi sama dag, undirrituðu af forstjóra S. Í. S. Í því bréfi er honum tilkynnt, að störfum hans hjá nefndum félögum sé lokið og prókúruumboð afturkölluð. Jafnframt er þess getið, að honum verði greidd 6 mánaða laun til 30. nóvember 1968 í samræmi við 6. gr. ráðningarsamnings hans.

Hinn 7. júní 1968 gaf Samband ísl. samvinnufélaga út fréttatilkynningu um mannaskipti hjá því félagi, þar sem skýrt er frá

því, að fyrrverandi framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar S. Í. S., Bjarni V. Magnússon, bróðir stefnanda, hafi látið af störfum sem framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar S. Í. S., en verið gerður að framkvæmdastjóra S. Í. S. í London. Þá er og tilkynnt um ráðningu nýs framkvæmdastjóra fyrir Iceland Product Inc. í Bandaríkjunum. Af þessu telur stefnandi, að eigi verði annað ráðið en að hann hafi við rannsókn þá, sem stefndu létu fram fara, reynzt sekur um eitthvað það, er réttlætt hafi endanlega brottvikningu hans úr starfi.

Hinn 25. maí 1968 ritar lögmaður stefnanda hinum stefndu bönkum bréf, þar sem hann óskar eftir því fyrir hönd skjólstæðings síns, að bankarnir hraði tilkynningu um niðurstöðu þeirrar rannsóknar, er fram fór á vegum bankanna og ákvörðunar bankastjórnanna.

Þessu bréfi svöruðu hinir stefndu bankar 11. júní 1968. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Vér erum ekki reiðubúnir til að gefa út tilkynningu varðandi þetta mál, en getum hins vegar upplýst yður um, að umræddri rannsókn er nú það langt komið, að forsendur þær, sem upphaflega lágu fyrir kröfu vorri um, að framkvæmdastjóri Iceland Product Inc. viki úr starfi, eru ekki lengur fyrir hendi.“

Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að eftir að bréf þetta var ritað, hafi það komið í ljós, að fjárhagsleg staða Iceland Products Inc. hafi verið verri en ætlað hafi verið. Hafi það m. a. orðið til þess að draga rannsókn máls þessa á langinn, enda hafi því á engan hátt verið lokið af hálfu bankanna á þessum tíma, þótt skýrsla rannsóknarnefndar bankanna til bankastjórnanna hafi legið fyrir í maí 1968. Haustið 1968 hafi verið talið, að fengnar væru allar þær upplýsingar um mál þetta, sem nauðsynlegar væru, bæði að því er varðaði orsök fjárvöntunarinnar svo og leiðir S. Í. S. til að tryggja framleiðendum og veðhöfum fulla greiðslu. Hafi bankastjórnarnir þá tekið málið til lokaathugunar og síðan gefið viðkomandi bankaráðum skýrslur, þar sem málinu hafi verið endanlega ráðið til lykta af hálfu bankanna. Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að mál þetta hafi hlotið endanlega afgreiðslu hjá Landsbanka Íslands á fundi bankaráðs 27. desember 1968 og hjá bankastjórn Seðlabankans síðar. Á fyrrgreindum fundi bankaráðs Landsbankans hafi því verið lýst yfir, að bankastjórnin gerði ráð fyrir að gefa út ásamt stjórn Seðlabankans sameiginlega tilkynningu um niðurstöður

rannsóknarinnar. Hafi þetta og verið í samræmi við bréf bankanna frá 11. júní 1968 til lögmanns stefnanda, sem vitnað er í hér á undan.

Svo sem í upphafi er að vikið, höfðaði stefnandi mál þetta með stefnu, útgefinni 3. janúar 1969. Varnaraðiljar birtu skýrslu um mál þetta, sem mun hafa verið send öllum dagblöðum og Ríkisútvarpinu til birtingar. Skýrsla þessi er dags. 11. febrúar 1969 og hljóðar svo:

„Hinn 15. febrúar 1968 tilkynntu Seðlabanki Íslands og Landsbanki Íslands, að fram færi á þeirra vegum athugun á drætti á greiðslu andvirðis freðfisks, sem út hafði verið fluttur af sjávarafurðadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga, en vaxandi og að því er virtist óeðlilegar tafir höfðu þá um allmargra mánaða skeið orðið á fullum skilum andvirðis afurðanna og greiðslu lána þeirra, sem bankarnir höfðu veitt út á þær.

Var athugun þessi umfangsmikil og náði m. a. til dótturfyrirtækis S. Í. S. í Bandaríkjunum, Iceland Products Inc.

Athugun þessi leiddi í ljós, að ekki var um misferli að ræða, að því er varðaði gjaldeyrisskil. Drátturinn á greiðslu afurðaandvirðis stafaði hins vegar einkum af tvennu:

1) Ýmsir viðskiptamenn sjávarafurðadeildarinnar höfðu stofnað til skulda við hana á undanförunum árum, og reyndust verulegar fjárhæðir af fiskandvirði bundnar með þessum hætti.

2) Mikið verðfall varð á hraðfrystum fiski (einkum svokölluðum „blokkum“) á Bandaríkjamarkaði seinni hluta árs 1966 og framan af árinu 1967. Þrátt fyrir þetta hélt sjávarafurðadeildin áfram að greiða viðskiptamönnum sínum hér á landi það verð, sem ákveðið hafði verið snemma árs 1966, og eru umframgreiðslur þær, sem þannig áttu sér stað, höfuðástæðan til vaxandi greiðsludráttar fyrirtækisins og vanskila á afurðalánunum.

Athugun leiddi ennfremur í ljós, að lausafjárstaða Iceland Products Inc. stóð mjög völtum fótum.

Stjórn S. Í. S. hefur staðið Landsbankanum full skil á vanskilum sjávarafurðadeildarinnar við bankann, en fjárhæð þeirra reyndist mjög nærri því, sem gert var ráð fyrir í fréttatilkynningunni 15. febrúar f. á. Ennfremur er bankanum kunnugt um, að Iceland Products Inc. hefir mjög styrkt lausafjárstöðu sína með lántökum í Bandaríkjunum.

Mál þetta var ítarlega rætt á tveim fundum í bankaráði Lands-

bankans í desembermánuði s. l., og með tilliti til þeirra atvika, sem að framan greinir, var á fundi bankaráðsins 27. desember s.l. ekki talin ástæða til frekari aðgerða af bankans hálfu.

Stjórn Seðlabankans telur heldur ekki ástæðu til aðgerða af sinni hálfu, þar sem ákvæðum um gjaldeyrisstilhefing hefir verið fullnægt og trygging afurðavíxla, sem bankinn hefir endurkeypt, er nú komin í lag.

Að gefnu tilefni frá fyrrverandi framkvæmdastjóra Iceland Products Inc. taka bankarnir fram, að við upphaf athugunar máls þessa gerðu þeir þá kröfu til Sambandsins, að hann viki úr starfi, á meðan rannsókn þeirra færi fram. En með bréfi 11. júní 1968 var umboðsmanni framkvæmdastjórans tilkynnt, að rannsókninni væri þá það langt komið, að forsendur þær, sem upphaflega lágu fyrir kröfu bankanna um, að framkvæmdastjóri Iceland Products Inc. viki úr starfi, væru ekki lengur fyrir hendi.“

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að stefndu hafi verið óheimilt að krefjast þess opinberlega með fréttatilkynningu, að erlendur ríkisborgari sem hann verði látinn víkja úr starfi hjá löglega skráðu erlendu hlutafélagi, þar sem ekkert réttarsamband sé á milli stefnanda og stefndu. Í öðru lagi, að þó svo yrði litið á vegna tengsla Iceland Product Inc. við Samband ísl. samvinnufélaga, að stefndu hafi verið rétt að gera þá kröfu, að framkvæmdastjóri þess fyrirtækis yrði látinn víkja úr starfi, meðan rannsókn stæði yfir, þá hafi stefndu borið samkvæmt almennum réttarreglum og viðurkenndum reglum um mannréttindi að tilkynna niðurstöður rannsóknarinnar á sama hátt og upphaflega hafi verið birt krafa stefndu um, að stefnandi yrði látinn víkja úr starfi, meðan rannsókn stæði yfir. Rannsóknarnefnd bankanna hafi skilað skýrslu um störf sín til bankastjóranna í maí 1968. Varnaraðiljar hafi ekki kynnt forstjóra S. Í. S. og stjórnarformanni Iceland Product Inc. efni þessarar skýrslu. Enga opinbera fréttatilkynningu hafi stefndu heldur sent frá sér um málið. Hafi því verið nauðsynlegt að höfða þetta mál. Stefnandi kveðst hins vegar vita sjálfur, og fengið um það vitneskju frá stefndu, að snemma sumars 1968 hafi þeir talið, að forsendur þær, sem lágu til þess, að þeir gerðu upphaflega kröfu um, að stefnandi viki úr framkvæmdastjórastarfinu, væru ekki lengur fyrir hendi. Forsendurnar kveðst stefnandi hins vegar aldrei hafa fengið vitneskju um.

Aðalkrafan í máli þessu, um birtingu rannsóknarinnar á sama

hátt og kröfunnar um brottvikningu stefnanda úr starfi hafi verið birt, telur stefnandi svo augljósa, að eigi sé nauðsynlegt að fara út í frekari rökstuðning fyrir henni, enda sé bæði almennt venja og réttarreglur fyrir því, að stjórnvöld skuli á sama hátt og birtar eru tilkynningar birtar afturkallanir á þeim.

Varakrafan í máli þessu, um að aðeins niðurstaðan, að því er varðar hlut stefnanda í málinu, verði birt, gerir stefnandi vegna þess, að vera kunnir, að frumrannsóknin sé svo löng og ítarleg, að eigi verði talið hentugt að skylda stefndu til að birta alla þá rannsókn.

Um skaðabóta- og miskabótakröfuna telur stefnandi augljóst, að hann hafi orðið fyrir miklum álitshnekki, óþægindum, leiðindum og þjáningum vegna meðferðar þessa mál í heild. Stefnandi, sem er bandarískur ríkisborgari, hafi þrívægis komið hingað til Íslands út af máli þessu. Fyrst hafi það verið um miðjan marz 1968 til að fá upplýst, hvaða ástæður lægu til þess af hálfu stefndu, að þeir kröfðust þess, að hann viki úr starfi, meðan umrædd rannsókn færi fram. Þá skýringu hafi hann ekki fengið af hálfu bankastjóranna, heldur hafi þeir vísað á forstjóra S. Í. S. og stjórnarformann Iceland Product Inc. Hann hafi aftur á móti tjáð stefnanda, að fjármál S. Í. S. við viðskiptabankana væru mjög erfið og flókin og væri þessi þáttur lítill partur af erfiðleikum S. Í. S. Fengi stefnandi m. a. þess vegna ekki frekari skýringar. Stefnandi telur tilkynningu bankanna, sem birtist í dagblöðunum 16. febrúar 1968, hafa verið óþarflega víðtæka. Alger óþarfi hafi verið að minnast á sig í þessari tilkynningu og stefndu hafi engan rétt haft til þess að krefjast þess, að hann viki úr starfi, meðan rannsókn stæði. Af þessum sökum hafi stefndu orðið offari og beri þeir því fébótaábyrgð gagnvart stefnanda af þessum sökum. Hinir stefndu bankastjórar njóti sérstakrar lagaverndar samkvæmt lögum um opinbera starfsmenn fyrir persónulegum árásum, sem á þá kunnir að vera gerðar. Á sama hátt verði að gera alveg sérstakar kröfur til þeirra og leggja á þá ríka ábyrgð, að þeir í skjóli valds síns geri ekki miska að ófyrirsynju almennum borgurum þessa lands eða annarra með aðgerðum sínum eða opinberum yfirlýsingum.

Varðandi bótakröfurnar bendir stefnandi á það, að þeim sé mjög í hóf stillt, þar sem þær nemi ekki fullum árslaunum, eins og stefnandi hafi haft í starfi því, er hann var hrakinn frá, upphaflega samkvæmt kröfu stefndu. Kröfurnar séu gerðar í

Bandaríkjadöllum, þar sem stefnandi sé bandarískur ríkisborgari og búsettur í Bandaríkjunum.

Vegna ákvörðunar málskostnaðar bendir stefnandi á, að það megi telja til einsdæma, að þurfa skuli að höfða mál til þess að skylda opinbera aðilja eins og stefndu í máli þessu til að birta niðurstöður rannsóknar um sakleysi einstaklings á sama hátt og að honum hafi verið dróttað, að hann ætti þátt í um eða yfir 50 milljón króna óreiðu. Enn fremur vekur stefnandi athygli á því, að vegna máls þessa hafi hann þrívægis þurft að taka sér ferð á hendur frá Bandaríkjunum til Íslands, og hefur af hans hendi verið lagt fram yfirlit um þann kostnað.

Stefndu reisa dómkröfur sínar á því, að með bréfi, dags. 22. maí 1968, hafi S. Í. S. sagt stefnanda upp störfum hjá fyrirtækjum Iceland Product Inc. og Iceland Food Terminal. Sé stefnandi því ekki réttur aðili að því að krefjast þess, að birt sé niðurstaða rannsóknar þeirrar, er stefndu kröfðust, að fram færi hjá sjávarafurðadeild S. Í. S. og dótturfyrirtæki þess í Bandaríkjunum, Iceland Product Inc., sbr. fyrstu kröfu stefnanda í stefnu. Hann eigi því ekki rétt á því, að bankarnir birti skýrslu um viðskipti sín við S. Í. S. og framangreind félög.

En jafnvel þótt svo yrði litið á, að stefnanda væri heimilt að krefjast birtingar á niðurstöðu rannsóknar þeirrar, er bankarnir framkvæmdu, sé sú krafa ekki lengur fyrir hendi, þar sem bankarnir hafi þegar fullnægt henni með birtingu skýrslunnar eða tilkynningarinnar hinn 11. febrúar 1969. Bankarnir hafi að sjálfsgöðu engu að leyna um rannsókn þá, sem framkvæmd var af þeirra hálfu, en telji sér hvorki heimilt né skylt að birta annað og meira um málið en skýrsla þeirra frá 11. febrúar 1969 ber með sér. Í þessu efni vísa bankarnir til þeirrar þagnarskyldu, sem bankastjórum, bankaráðsmönnum og öðrum starfsmönnum bankanna er lögð á herðar í 34. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands og í 17. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands. Þessi fyrri krafa stefnanda eigi því enga stoð í lögum.

Varðandi síðari kröfu stefnanda um, að bankarnir verði skyldaðir til að birta yfirlýsingu um, að rannsókn sú, er stefndu létu fram fara hjá Iceland Product Inc., hafi leitt í ljós, að ekki voru fyrir hendi forsendur til þess, að stefnandi viki úr starfi sem framkvæmdastjóri Iceland Product Inc., eins og stefndu höfðu krafizt, þá benda stefndu á, að hið sama gildi um þessa kröfu og hina fyrri. Kröfu þessari sé þegar fullnægt með birtingu tilkynningar hinn 11. febrúar 1969.

Bankarnir hafi engin afskipti haft af störfum stefnanda, önnur en þau að krefjast þess, að hann viki úr starfi, á meðan rannsókn bankanna færi fram. Geti engum blandast hugur, að þessi krafa hafi í alla staði verið réttmæt, enda í samræmi við viðurkenndar reglur, þegar rannsókn er framkvæmd. Í kröfu þessari hafi ekki falizt nein aðdróttun til stefnanda um, að hann hafi brotið af sér gagnvart bönkunum. Tilkynning bankanna, sem birt var 16. febrúar 1968 í dagblöðum Reykjavíkur, sé eins hlutlaus og frekast verði á kosið. Í tilkynningunni séu berum orðum teknar fram þær skýringar, sem S. Í. S. hafi gefið bönkunum. Jafnframt sé þess getið, að ekkert sé fram komið um það, er bendi til þess, að um misferli hafi verið að ræða, að því er varðar gjaldeyrisskil. Þá sé og afdráttarlaust tekið fram, að S. Í. S. muni setja bönkunum fullkomnar tryggingar fyrir því, að greitt verði til bankanna fullt skilaverð allra þeirra sjávarafurða, sem bankarnir hafi lánað út á.

Þá benda stefndu á, að hinn 11. júní 1968 hafi lögmanni stefnanda verið ritað bréf það, er vitnað er til hér að framan. Þar komi fram, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að stefnandi taki aftur við sínu fyrra starfi. Bréf þetta hafi stefnanda verið heimilt að birta á hvern þann hátt, er hann hafi óskað. Síðar hafi svo stefnandi fengið þessa umsögn staðfesta í opinberri tilkynningu bankanna frá 11. febrúar 1969. Þá vekja stefndu athygli á því, að málið hafi hlotið endanlega afgreiðslu í bankaráði Landsbankans 27. desember 1968 og hjá bankastjórn Seðlabankans nokkru síðar. Bankarnir hafi þannig birt skýrslu um málið, þegar eftir að því hafi verið endanlega lokið. Bankarnir hafi engan þátt átt í því, að S. Í. S. hafi sagt stefnanda upp störfum. Við þetta bætist enn fremur, að þessi síðari krafa stefnanda sé röng. Í henni sé þess krafizt, að bankarnir birti yfirlýsingu um, að ekki hafi verið fyrir hendi forsendur til þess, að stefnandi viki úr starfi sem framkvæmdastjóri Iceland Product Inc., eins og bankarnir höfðu krafizt. Bankarnir hafi ekki gert aðra kröfu en þá, að stefnanda yrði vikið úr starfi, á meðan rannsóknin færi fram. Þessi krafa bankanna hafi verið fyllilega réttmæt, eins og á stóð, og forsendur hennar standi óhaggðar.

Varðandi kröfur stefnanda um skaða- og miskabætur og málskostnað telja stefndu hið sama gilda. Hvort tveggja sé, að ekkert sé upplýst um það, að bankarnir hafi bakað stefnanda miska eða fjártjón, og hitt, að stefnandi geti sjálfur engar fjárkröfur

borið fram á hendur bönkunum, þar sem af þeirra hendi hafi ekkert verið annað gert en það, sem sjálfsagt hafi verið og rétt. Til ýtrustu vara er þó kröfufjárhæð stefnanda mótmælt sem hreinni fjarstæðu.

Þá halda stefndu því fram, að það sé algerlega út í hött, sem stefnandi heldur fram, að bönkunum hafi verið óheimilt að krefjast þess opinberlega með fréttatilkynningu, að erlendur ríkisborgari væri látinn víkja úr starfi hjá löglega skráðu erlendu hlutafélagi. Svo sem margsinnis hafi verið tekið fram, hafi bönkunum verið bæði rétt og skylt að krefjast þess, að stefnandi viki úr starfi, meðan rannsóknin færi fram, og að birta tilkynningu um það, svo sem gert hafi verið. Það sé staðreynd, að íslenzkt fyrirtæki sé einkaeigandi eða aðaleigandi Iceland Product Inc. Skipti það að sjálfsögðu engu máli, hvort stefnandi hafi verið eða sé íslenzkur eða bandarískur ríkisborgari og hvort Iceland Product Inc. væri eða sé löglega skráð í Bandaríkjunum.

Að því er varðar viðræður þær, er stefnandi telur sig hafa átt við suma af bankastjórum bankanna, þá telja varnaraðiljar, að þær skipti engu máli hér og hafi bankastjórunum verið fyllilega réttmætt að gefa þau svör, sem stefnandi telur sig hafa fengið.

Rétturinn lítur svo á, að krafa stefndu um það, að stefnandi viki úr starfi, meðan rannsókn máls þessa færi fram, væri eðlileg, eins og á stóð. Verður ekki talið, að það breyti hér neinu, þótt stefnandi sé bandarískur ríkisborgari.

Í hinni opinberu yfirlýsingu bankanna, er birtist 16. febrúar 1968 í dagblöðum Reykjavíkur, er nafns stefnanda hvergi getið og það tekið fram, að ekkert sé fram komið, er bendi til þess, að um misferli hafi verið að ræða, að því er varðar gjaldeyrisskil af hálfu sjávarafurðadeildar S. Í. S. Getur rétturinn því ekki fallið á það með stefnanda, að yfirlýsing þessi sé ærumeiðandi fyrir hann eða skapi af öðrum ástæðum stefndu skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda. Ber því að sýkna stefndu af skaðabótakröfu stefnanda.

Hins vegar verður að telja, að stefnandi hafi, eðli málsins samkvæmt, átt lögvarða kröfu til þess, að stefndu birti opinbera yfirlýsingu um það, að forsendur þær, sem upphaflega lágu fyrir kröfu þeirra um það, að framkvæmdastjóri Iceland Product Inc. viki úr starfi, væru ekki lengur fyrir hendi. Þessari kröfu hafa stefndu nú fullnægt með yfirlýsingunni frá 11. febrúar 1969. Verður því, eins og nú er komið, að sýkna stefndu af birt-

ingarkröfum stefnanda. Hins vegar birtu stefndu enga yfirlýsingu, að því er stefnanda varðar, fyrr en eftir að mál þetta var höfðað. Töldu þeir þó í bréfi sínu til lögmanns stefnanda hinn 11. júní 1968, að rannsókn málsins væri þá það langt komin, að þeir gáfu yfirlýsingu þá, sem þar greinir. Af hálfu stefndu hefur ekki verið sýnt fram á, að síðari rannsókn málsins hafi nokkru um breytt, hvað stefnanda áhrærir.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, telst málsókn þessi hafa verið nauðsynleg til þess að knýja stefndu til opinberrar birtingar, svo sem að framan getur. Á stefnandi því málskostnað úr hendi stefndu í máli þessu.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagður fram svohljóðandi málskostnaðarreikningur:

„Málfl.þóknun skv. taxa	kr. 170.250.00
Aukalega v. úrskurða	— 5.000.00
Útlagður kostnaður skv. útskrift úr viðskiptabók	— 10.490.50
Birting og útgáfa vitnastefna 5x180	— 900.00
Vottagjöld og endurrit	— 1.635.00
Mót við vitnaleiðslur 10 skipti	— 5.000.00
	<hr/>
	kr. 193.275.50

Stefnandinn, Sverrir H. Magnússon, Harrisburg, Pa., U.S.A., kveðst hafa haft eftirtalinn kostnað af málarekstri sínum:

3 ferðir frá Harrisburg til Reykjavíkur (en hér að neðan aðeins reiknað með 2 ferðum)

Fargjöld	U.S. \$ 640.- = ísl. kr. 56.384.00
Vinnutap 30 dagar	— 1.500.- = — — 132.150.00
Uppihald	— 900.- = — — 79.290.00
Leigubílar o. fl.	— 60.- = — — 5.286.00
Samtöl v. Ísland	— 440.- = — — 38.764.00
Lögfr.aðstoð í USA	— 500.- = — — 44.050.00

U.S. \$ 4.040.- = ísl. kr. 355.924.00“

Stefndu hafa mótmælt þessum málskostnaðarreikningi bæði sem sér óviðkomandi og einnig sem of háum.

Málskostnaður stefnanda úr hendi stefndu ákveðst kr. 160.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, bankastjórn Landsbanka Íslands og bankastjórn Seðlabanka Íslands, eiga að vera sýknir af kröfum stefnandans, Sverris H. Magnússonar, í máli þessu að öðru leyti en því, að stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 160.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. desember 1972.

Nr. 160/1972: Sv. B. Rude

gegn

Síldarvinnslunni h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærú 15. nóvember 1972, sem barst Hæstarétti 1. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 57/1962 frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 1. nóvember 1972, og krafist þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta er ekki þannig vaxið, að skylt hafi verið að stefna því fyrir sjó- og verzlunardóm samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 200 gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómara bar hins veg-